

Flóahreppur

B.t. Sveitastjóra

Þingborg

803 Flóahreppur

Flóaskóli, 4. september 2020

Efni: Fyrirspurn til sveitarstjórnar Flóahrepps vegna heilsueflandi samfélags.

Velferðarteymi Flóaskóla fjallaði á fundi sínum 4. september 2020 um möguleikann á að Flóahreppur gerist heilsueflandi samfélag og þar með yrðu skólastofnanir sveitarfélagsins heilsueflandi grunnskóli og leikskóli. Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis er heilsueflandi samfélag heilðræn nálgun sem embætti landlæknis vinnur að í samstarfi og samráði við sveitarfélög, opinberar stofnanir, frjáls félagasamtök og fleira. Meginmarkmið með heilsueflandi samfélagi er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á Embætti landlæknis. Ljóst er að þetta verkefni styður við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna til ársins 2030 enda hafa nú þegar fjölmörg sveitarfélög tekið upp markmið heilsueflandi samfélags. Í ljósi þess að síðasti vetur reyndi mjög á heilbrigði og velferð samfélagsins vegna COVID-19 langar okkur í velferðarteymi Flóaskóla að skoða möguleikann á að Flóahreppur taki þátt í þessu verkefni.

Við biðlum því til sveitarstjórnar um að kynna sér verkefnið, taka það til umfjöllunar eins fljótt og auðið er og í framhaldinu álykta hvort að Flóahreppur hafi áhuga á að gerast heilsueflandi samfélag. Í beinu framhaldi myndi Flóaskóli geta tekið upp markmið heilsueflandi skóla en við teljum það styðja vel við þær stefnur sem nú þegar er stuðst við innan skólans, t.a.m. Grænfánaverkefnið og Uppeldi til ábyrgðar.

Virðingarfyllt.

Elmar Ólafsson

Sigrún Helgadóttir

Þórar Keldu Hliðdal

Sigrún Ólafey Stefánsdóttir

Gunnhildur Gestsdóttir

Óskunnardóttir